

INNKAUPARÁÐ

Ár 2014, föstudaginn 14. mars var haldinn 316. fundur innkauparáðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 12:15. Viðstaddir voru Kjartan Valgarðsson, S. Björn Blöndal og Rúna Malmquist. Einnig sátu fundinn Benedikt Hallgrímsson lögfræðingur á skrifstofu Borgarlögmanns, Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir deildarstjóri innkaupadeildar og Guðbjörg Eggertsdóttir innkaupadeild sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins, dags. 12. mars sl., þar sem lagt er til að gengið verði að tilboði Þórs hf sem átti lægsta gilda tilboð í útboði nr. 13164 Fimm sláttuvélar (Zero turn). R14020055.
Samþykkt.
2. Lagt fram erindi Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins, dags. 11. mars sl., varðandi heimild til framlengingar á verksamningi Garðlistar ehf um eitt ár, vegna útboðs nr. 13004 Grassláttur við Þjóðvegi í Reykjavík 2013 - Útboð I. R13030119.
Samþykkt.
3. Lagt fram erindi Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins, dags. 11. mars sl., varðandi heimild til framlengingar á verksamningi Garðlistar ehf um eitt ár, vegna útboðs nr. 13005 Grassláttur við Þjóðvegi í Reykjavík 2013 - Útboð II. R13030120.
Samþykkt.

Björn Ingvarsson skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins sat fundinn við afgreiðslu mála 1-3.

Fundi slitið kl. 12:24

Kjartan Valgarðsson (sign)

S. Björn Blöndal (sign)

Rúna Malmquist (sign)